

138. löggjafarþing  
1. mál.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Fyrsti minni hlutinn getur ekki felld sig við þau vinnubrögð sem viðhöfð eru við gerð fjárlaga og þá einkum úthlutun menntamálanefndar sem hefur í gegnum árin ekki byggst á faglegum forsendum, verið tilviljunarkennd og jafnvel stjórnast af kjördæmapoti einstakra þingmanna.

Minni hlutinn leggur til að fyrirkomulag við úthlutun fjármuna af safnliðum sem heyra undir menntamálaráðuneytið verði endurskoðað og gerðar á því róttækar breytingar hið fyrsta svo að fagleg sjónarmið ráði ffr. Lagt er til að fjármunir á safnliðum 02-919-1.90, 02-919-1.98, 02-919-6.90, 02-919-6.45, 02.982-1.90, 02. 983-1.11 og 02.999-1.90 verði færðir í fjárlagaliði sjóða sem hafa það lögbundna hlutverk að styrkja lista- og menningarstarfsemi. Sjóðunum ber að meta umsóknir á faglegum forsendum og meta allar umsóknir á sama kvarða. Auk þess hafa sjóðirnir ákveðið eftirlitshlutverk og eiga að ganga eftir því að fjármuninum sé varið í þau verkefni sem þeim er úthlutað til en eftirlit af hálfu menntamálanefndar hefur ekki verið fyrir hendi. Bókmenntasjóður styrkir til að mynda ekki útgáfu bóka sem koma ekki út.

Sjóðirnir sem um ræðir eru bókmenntasjóður, safnasjóður, húsafriðunarsjóður, tónlistarsjóður, barnameningarsjóður, fornleifasjóður og Kvikmyndasjóður en einnig má nefna starfsemi atvinnuleikhópa. Eins hafa verið gerðir menningarsamningar við sveitarfélög á landsbyggðinni og mætti nota þessa fjármuni til að efla þá.

Alþingi, 12. nóv. 2009  
Margrét Tryggvadóttir